

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



|                            |                           |                                |                            |
|----------------------------|---------------------------|--------------------------------|----------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 6.5.2021                  | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Sigríður Magnúsdóttir      |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Sorpstöð Rangárvallasýslu | <b>Eftirlitsmaður</b>          |                            |
| <b>Heimili</b>             | Suðurlandsvegi 1          | <b>Tegund eftirlits</b>        | Reglubundið fyrra eftirlit |
| <b>Kennitala</b>           | 600893                    | <b>Flokkur</b>                 | Úrgangur og                |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Hulda Karlsdóttir         | <b>ÍSAT nr.</b>                | 38.21.0                    |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Ómar Sigurðsson           | <b>Staðsetning</b>             | 690508,452 590016,913      |

### Niðurstaða eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar. Opín eru fjögur frávik frá fyrri eftirlitum, rekstraraðili vinnur að úrbótum vegna þriggja opinna frávika en Umhverfisstofnun mun óska eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna fráviks er varðar girðingu umhverfis urðunarstaðinn.

### Umfang eftirlits

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Varnir gegn foki úrgangsefna og frágangur urðunarreina (gr. 3.1, 4.3)
4. Niðurstöður síðasta eftirlits
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Önnur mál

### Umfang starfseminnar

Á urðunarstaðnum að Strönd er heimilt að taka á móti 6350 tonnum af úrgangi til meðhöndlunar, þar af 2500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári. Heimilt er að urða 800 tonn af lífrænum úrgangi á ári. Heimilt er að taka á móti 500 tonnum af rúlluplasti á ári og geyma til langtíma. Jafnframt er heimilt að taka á móti allt að 1000 tonnum af málmum, 100 tonn af hjólbörðum og 50 tonnum af spilliefnum á ári sem send eru annað til meðhöndlunar. Komi til urðunar á lífrænum úrgangi eru gerðar um það ítarlegri kröfur um mengunarvarnir en sé einungis tekið við óvirkum úrgangi til urðunar.

Árið 2020 var gerð breyting á starfsleyfi urðunarstaðarins þar sem veitt var tímabundin heimild til urðunar á lífrænum úrgangi án þess að skilyrði um mengunarvarnir væru uppfyllt, þar af var heimilt að urða 800 tonn árið 2020 og 200 tonn árið 2021. Rekstraraðili óskaði eftir þessari heimild til að bregðast við tímabundinni aukningu á magni lífræns úrgangs til urðunar þar sem um væri að ræða millibilsástand þar til settur yrði upp brennsluofn á svæðinu. Í fyrirvaralausum eftirliti haustið 2020 kom í ljós að umfangið var orðið töluvert meira en kveðið var á um í þessari tímabundnu heimild. Samkvæmt skráningum rekstraraðila voru urðuð 1560 tonn af lífrænum úrgangi árið 2020. Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun vegna þessa fráviks og var hún samþykkt 8. mars sl. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að sótt verði um breytingu á starfsleyfi þar sem óskað verður eftir aukinni heimild til urðunar án mengunarvarna. Þá kom einnig fram í síðasta eftirliti að töluvert var urðað af grófum úrgangi á urðunarstaðnum sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er unnið að því að breyta gámasvæðum þannig að ekki sé hægt að skila þar inn grófum úrgangi og fólki jafnframt beint í að koma þesskonar úrgangi á móttökustöðina á Strönd þar sem auðveldara sé að

flokka hann frá öðrum úrgangi og koma í viðeigandi farvegi.

#### Umhverfi og takmörkun aðgangs

Aðgangur að urðunarstaðnum skal takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Frávik vegna girðingar umhverfis urðunarstaðinn hefur verið opið frá 2017 og fyrsta úrbótaáætlun vegna þessa kom frá rekstraraðila árið 2018 þar sem fram kom að úrbótum yrði lokið fyrir 1. júní það ár. Umhverfisstofnun hefur ítrekað þetta frávik í eftirlitum en rekstraraðili hefur ekki enn brugðist við. Rætt var um þetta frávik í eftirlitinu og rekstraraðila bent á að ganga í málið hið fyrsta.

#### Varnir gegn foki úrgangsefna og frágangur urðunarreina

Rætt var um frágang urðunarreina og fok frá urðunarstaðnum. Fram kom að ekki væri urðað í miklum vindi og að laus úrgangur á móttökustöðinni væri flokkaður innandyra. Fengnir væru hópar á sumrin til að tína fokefni. Við urðun eru allajafna teknar tvær gryfjur í einu sem unnið er með, önnur þeirra fyrir lífrænan úrgang, þannig er stærð vinnsluflatar haldið í lágmarki.

#### Niðurstöður síðasta eftirlits

Við síðasta eftirlit komu fram þrjú frávik er varða urðun á grófum og lífrænum úrgangi umfram heimild starfsleyfisins, og geymslu úr sér genginna ökutækja utan við þar til gert steypt plan. Staðfest var í eftirliti nú að sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi og unnið sé að áhættumati og áætlun vegna þessa, breytingar hafa verið gerðar á móttöku grófs úrgangs á gámasvæðum og hann nú flokkaður í fleiri flokka á móttökustöðinni til þess að unnt sé að koma honum betur í réttan förgunar- og endurvinnslufarveg. Þá hefur móttaka á lífrænum úrgangi verið takmörkuð að miklu leyti sem og breyttir verkferlar við vortiltekt á þjónustusvæði sorpstöðvarinnar þannig að auðveldara sé að stýra flokkun á þeim úrgangi sem berst á móttökustöðina á Strönd. Verið er að skoða hvernig bæta megi verkferla vegna móttöku brotajárns og ökutækja.

Reykjavík,



---

Sigríður Magnúsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta



